

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til sendibifreiðaaksturs takmarkast við hámarkstöluna 10, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Bílstjórafélags Akureyrar og bæjarstjórnar Akureyrar.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar sendibifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Sendiferðabifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Bílstjórafélag Akureyrar viðtöku nýjum umsóknum um félagsréttindi manna, er eiga sendiferðabifreið og vilja stunda sendiferðabifreiðaakstur. Skal þá, er fjöldi leigubifreiða er kominn niður fyrir töluna 10, bæta við þeim fjölda er nægir til þess að ná hámarkstölunni. Gildar umsóknir skulu teknar til greina eftir biðtímalengd og tímaröð.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða, sem eru í eigu einstakra fyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. nóvember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Austurlands h. f. leyfi til reglubundins flugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum:

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Akureyri — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Neskaupstaður — Höfn — Neskaupstaður — Egilsstaðir.

Egilsstaðir — Höfn — Fagurhólsmýri — Kirkjubæjarklaustur — Reykjavík — Kirkjubæjarklaustur — Fagurhólsmýri — Höfn — Egilsstaðir.

Leyfi þetta gildir frá 1. janúar 1980 til 31. desember 1983.

Samgönguráðuneytið, 6. desember 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.